

Verkefni: Stjórnarfundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 17. febrúar 2011.
Tímasetning fundar: kl. 18:00 – 20:30
Fundarstaður: Súfistinn Hafnarfirði

Stjórnarmenn/fundarmenn:

Aðalheiður Gunnarsdóttir (AG)	formaður	Mætt
Sigurborg Sigurðardóttir (SS)	varaformaður	Mætt
Steiney Halldórsdóttir (SH)	ritari	Mætt
Anna Inga Grímsdóttir (AIG)	gjaldkeri	Mætt
Anna Laxdal Þórólfsdóttir (ALÞ)	meðstjórnandi	Mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Jólalag Gígunnar

AG fékk framlengingu á frumflutningsrétti fyrir aðildarkóra á jólalagi Gígunnar eftir Elínu Gunnlaugsdóttir til næstu áramóta.

3. Umsóknir um styrk í tónverkasjóð Gígunnar

Tvær umsóknir hafa borist til Gígunnar um styrk úr Tónverkasjóði Gígunnar. Jórukórinn sótti um styrk að upphæð 230.000,- kr. vegna landsmótslagsins og var ákveðið að veita þeim styrk sem nemur 33% af kostnaði við tónverkið sem er áætlaður 480.000,- kr. Samkvæmt lögum Gígunnar um tónverkasjóðinn geta aðildarkórar fengið styrk sem nemur 33% af kostnaði við tónverkið. Upphæðin sem Jórukórinn fær er því 158.400,- kr. Einnig sótti Vox feminae um styrk vegna verks eftir Báru Grímsdóttur, en hún er að semja messu fyrir kórinn; Gloria, Sanctus og Benediktus. Fyrirhugað er að frumflytja verkið vorið 2012. Samþykkt var að veita Vox feminae styrk að upphæð 70.000,- kr. sem er 33% af kostnaði við að semja verkið. Þessi verk verða aðgengileg öllum aðildarkórum Gígunnar til flutnings að loknum frumflutningi.

4. STEF gjöld

Ákveðið var að skipta aðildarkórum niður á stjórnina og fá upplýsingar frá öllum kórunum um hvað þeir greiða í STEF gjöld, þannig að hægt sé að sjá hvað kórar eru að leggja út á ári. AG ætlar að hafa samband við þá hjá STEF og fá frekari upplýsingar um hvernig þeir sjá þessa útfærslu sem þeir hafa talað um þ.e. upphæðir o.fl. AG ætlar að senda póst til stjórnar með skiptingu á kórunum.

5. Lógó Gíggunnar

Rætt var um að láta hanna lógó fyrir Gígguna. SS ætlar að athuga með hönnuð og fá hugmyndir eða tillögur fyrir næsta fund.

6. Aðildarkórar

AG ræddi við Iðnu Lísurnar og sendi þeim formlegt boð um að ganga til liðs við Gígguna. AG hefur heyrt um nýjan kvennakór í Skagafirði og ætlar að athuga með hann. SS hafði samband við Flugfreyjukórinn og virðist ekki vera áhugi hjá þeim að ganga til liðs við Gígguna.

7. Landsmót

AG ræddi við Kolbrúnu í Jórúkornum. Nefndin er að fara að koma saman dagskrá fyrir landsmótið. Hún ætlar að senda á Gígguna drög til að fara yfir. Nótur hafa verið sendar á kórana, þannig að allt er í fullum gangi hjá Jórúkonum.

Kvennakór Akureyrar eru tilbúnar til þess að halda næsta landsmót árið 2014.

8. Sameiginlegir jólatónleikar í Hörpu

AG sendi inn fyrirspurn um tíma og kostnað við sameiginlega jólatónleika kvennakóranna inn á síðu Hörpunnar. Það þarf að fá stjórnendur kóranna með Gíggunni inn í þetta mál. Síðan þarf að athuga með áhuga hjá aðildarkórnum, fá hjá þeim skýr svör og taka endanlega ákvörðun á Landsmóti með stjórnendum og formönnum. Ætlunin er að kórar syngi sér og sameiginlega og síðan væri vel hægt að hafa einsöngvara.

8. Hlaðvarpinn

Hlaðvarpinn styrkti bæði Vox feminae og Jórúkórinn. Vox feminae fékk styrk vegna útgáfu á verkinu eftir Báru Grímsdóttur og Jórúkórinn fékk styrk vegna kostnaðar við Landsmót íslenskra kvennakóra.

Fleira ekki rætt og var fundi slitið kl. 20:30.

Ritari fundargerðar: Steiney Halldórsdóttir